Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 4. maí 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2026

Farið var yfir drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu og þau rædd.
Þeir sem flytja erindi á málræktarþinginu 24. september eru beðnir um að senda titla á erindum sínum fyrir lok maímánaðar.

2) Samstarfsþingið Íslenskukennsla á tímamótum

Málþingið verður haldið miðvikudaginn 6. maí í Eddu. Á málþinginu verða erindi frá Ármanni Jakobssyni, Auði Pálsdóttur, Elínu Þöll Þórðardóttur og Sigríði Ólafsdóttur. Fundarstjóri málþingsins verður Eva María Jónsdóttir.
Að loknum erindum verða pallborðsumræður undir stjórn Auðar Pálsdóttur. Í pallborðinu sitja Mjöll Matthíasdóttir, formaður Félags grunnskólakennara, Signý Gunnarsdóttir, fulltrúi Menntamálaráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og skólaþróunar og þingmennirnir Jón Pétur Zimsen, Víðir Reynisson og Snorri Másson.

3) Önnur mál

a. *Málfregnir 36* komu út í lok apríl. Útgáfan er að þessu sinni tileinkuð málþinginu *Íslenskukennsla á tímamótum*.
b. Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eva María Jónsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttír verða í undirbúningshópi fyrir hugsanleg verkefni á vegum Íslenskrar málnefndar í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.40.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.